

Starfsleyfi.

Til niðurrifs húss að Óseyrarbraut 1 í Hafnarfirði og flutnings á byggingarúrgangi þaðan til förgunar eða endurvinnslu.

Nafn leyfishafa: **Óseyrarbraut ehf.**

Kennitala: 530217 - 1240

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með vísun í ákvæði 17. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum og til liðar 10.2 í fylgiskjali 2 við sömu reglugerð er fjallar um niðurrif húsa og annarra bygginga.

Leyfið gildir frá 22. júní til 1. ágúst 2017

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt og einnig ákvæðum III. kafla reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað er um skyldur rekstrar aðila til að draga úr myndun úrgangs, stuðla að rétttri meðhöndlun hans, endurnotkun, endurnýtingu, geymslu og förgun ásamt ákvæðum um þrifnað lóða sem og neðangreindum starfsleyfisskilyrðum sem um starfsemina gilda.

Gildissvið:

Starfsleyfið tekur til niðurrifs á iðnaðarhúsnæði að Óseyrarbraut 1 í Hafnarfirði og flutnings á byggingarúrgangi til förgunar. Leyfishafi er fyrirtækið Óseyrarbraut ehf. kt. 530217-1240 en handhafi leyfis er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Jón Rúnar Halldórsson kt. 231057-4129. Leyfishafi skal sjá til þess að sá verktaki sem annast niðurrifið hafi samband við heilbrigðisfulltrúa áður en verkið hefst.

Athafnasvæði:

Athafnasvæðið nær til húshluta Óseyrarbrautar 1 og næsta umhverfis.

Endurnotkun, endurnýting og förgun á byggingaúrgangi:

Úrgangur sem til verður við niðurrifið og ekki skal endurnýttur skal fluttur á brott í viðurkennda förgun. Leitast skal við að skila úrgangi til förgunar með þeim hætti að hann falli sem best að endurvinnsluleiðum móttökuaðila. Öll brennsla á úrgangi er bönnuð.

Spilliefni:

Ekki skal nota bifreiðar eða þungavinnutæki við framkvæmdina sem leka olíum eða glussum. Verði vart við slíkan leka skal viðkomandi tæki flutt til viðgerðar og lekaskoðunar. Verði vart við leysiefnalykt við jarðvinnu á framkvæmdatíma skal eftirlitnu gert viðvart.

Áður en niðurrif hefst á þaki skal kannað í samráði við heilbrigðiseftirlit hvort þar sé að finna asbest. Finnist þar asbest skal það fyrst fjarlægð af aðila sem til þess hefur réttindi.

Varnir gegn slysum og mengun:

Starfsleyfishafi skal tryggja að engin slysaætta fyrir utanaðkomandi stafi frá starfseminni á framkvæmdatímanum. Gildir það jafnt um hugsanlegt fok, hrun húshluta og byggingaleifa ásamt aðgengi óviðkomandi að vinnusvæðinu. Svæðið skal girt í samræmi við kröfur byggingareftirlits og vaktað þegar þörf þykir.

Hafa skal mið af veðri og veðurspám við skipulag verkþátta og ganga þannig frá vinnusvæði í lok hvers vinnudags að ekki stafi fókhatta frá svæðinu þó veðurlag breytist. Verði fók frá vinnusvæði skal leyfishafi annast hreinsun.

Leyfishafi skal leitast við að draga sem mest úr umhverfishávaða við niðurrifid. Vinna við niðurrif sem skapað getur hávaða eða annað ónæði skal ekki fara fram utan hefðbundins vinnutíma, þ.e. frá kl. 8 að morgni til kl. 19 að kvöldi frá mánudegi til föstudags og frá kl. 9 til 17 á laugardegi. Hávaðasöm vinna við niðurrif skal ekki fara fram á sunnudögum eða á öðrum opinberum frídögum.

Lagnir og veitustofnanir:

Tryggt skal að framkvæmdir valdi ekki tjóni eða valdi auknu álagi á fráveitukerfi bæjarins. Leyfishafi skal fjarlægja allar lagnir úr jörðu er tilheyrðu húsinu og þeirri starfsemi sem þar var áður til húsa.

Áður en rif á húsinu fer fram skal leyfishafi tryggja, í samráðið við viðeigandi veitustofnanir, að húsið hafi verið aftengt eða frágangur lagna sé a.m.k. viðunandi að mati viðkomandi veitu (gildir eftir sem við á um; rafmagn, síma, kalt og heitt vatn auk fráveitu).

Upplýsingaskýlda:

Leyfishafa ber að skila til heilbrigðiseftirlits yfirliti yfir förgun byggingarúrgangs í lok framkvæmda-tíma og eigi síðar en 15. ágúst 2017.

Úttektir og eftirlit:

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.

Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðlega áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar 786/1999 um mengunarvarnareftirlit.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

Garðabær 22. júní 2017

Páll Stefánsson
heilbrigðisfulltrúi